

Þriggja daga ganga kringum Kerlingarfjöll

HRINGBRAUTIN

Leiðarlýsing er gengið er réttsælis.

Dagleið 1. – léttari útgáfan

Gangan hefst í Hálendismiðstöðinni og er gengið að húsinu Gónhól en skammt ofan þess er stikuð leið upp á Ásgarðsfjall. Þegar komið er á akveginn er honum fylgt í c.a. 2 KM, en skömmu eftir að vegurinn árgilið beygir, er komið að litlu dragi þar sem er ræsi og vegurinn beygir til hægri upp æa hæðina sem er í átt að Hveradalahnjúk, þá sést fyrsta stikan til vinstri við veginn. Þarna hefst stikaði hlutinn og er leiðin stikuð allt til enda, þó að því frátöldu að undir Loðmundi eru svona 2 Km óstikaðir, nánar um það síðar.

Þarna beygir gönguleiðin af veginum, að gili sem er austan í fjöllunum og heitir Snjógil, niður með því og til suðausturs yfir sléttur sem þar er, yfir lítið gil sem áin Kerlingarspræna hefur myndað, skömmu eftir að upp úr gilinu er komið, liggur stikaða slóðin inn á jeppaslóð. Á þessum spotta þarf að vaða tvær ár eða læki, sem eru kaldar og straumharðar, stundum er hægt að komast yfir þær á snjóbrú.

Fyrirnefndur vegaslóði liggur úr Ásgarði í Setrið og er honum fylgt í c.a 4,4 KM en á þeirri leið er ein lítill á sem þarf að komast yfir. Þessi áarspræna kemur úr Loðmundarjökli. Á þessum kafla meðan vegaslóðanum er fylgt, þá er útsýni upp í norðurhlíðar Snækolls og Fannborgar þar sem menn renndu sér áður á skíðum.



Skömmu áður er komið er að lygnri lækjarsprænu sést næsta stika og svo koll af kalli áleiðis upp hæðirnar til suðurs (hægri) og yfir þær meðfram Illahrauni, síðan yfir vatnaskilin milli Hvítár og Þjórsár og eftir það meðfram efstu upptökum Kisu og allt í Kisubotna, fyrsta náttstaðinn.



Myndin til hliðar er tekin í Kisubotnum vorið 2013, skálinn er fyrir miðri mynd, þetta er lítill skáli og frekar frumstæður, en hugsaður sem skjól í vonfum veðrum.

Dagleið 2. – hin útgáfan

Þessi leið liggur eftir gönguleiðinni í Hveradali, þaðan upp á bílastæði ofan Hveradali og eftir vegaslóðanum upp á Keis og eftir það er leiðinni upp á Fannborg, þaðan eftir fjallgarðinum yfir Snækoll að Snót. Frá Snótinni er gengið niður á hrygg í vesturjaðri Loðmundarjökuls. Framundan eru tveir hólar, stefnan er tekin á þann austari (til vinstri) og eftir það liggur leiðin til suðausturs, austan

við efstu upptök vatnsfalla sem liggja í Kisubotna. Þaðan liggur leiðin ofan í Kisubotna og að skálanum.


Þessi leið er fallegri og meira krefjandi en léttari útgáfan en á leiðinni er gengið yfir Snækoll sem státar víðsýni sem á varla sinn líka sinn líka á landinu. Myndin að neðan sýnir slóðina og hæðarprófill hennar þar fyrir neðan



Dagleið 2

Dagleið 2 er austan í fjöllum, frá Kisubotnum í Klakk, skála sem er staðsettur sunnanundir samnefndu fjalli. Nokkur atriði um þessa dagleið:

- Efri og neðri Kisubotnar hafa væntanlega báðir myndast við framrás skriðjökuls, sem síðan hörfaði. Við það hafa myndast hryggir sem síðan hafa grafist í sundur en eftir standa rásir sem Kisa rennur um.
- Frá Skálanum er gengið að ánni og straumnum fylgt uns komið er í Neðri Kisubotna. Neðst í efri Kisubotnum, þar sem rásin opnast eru klappir sem vatn flæðir uppúr og áhugvert er að skoða
- Þegar úr skarðinu er komið liggur leiðin til vesturs, yfir Kisu og upp með gljúfrum hennar. Þarna er eflaust hrikalegasta svæði Kerlingarfjalla.
- Dagleiðin er ekki löng og því kjörið að labba upp á eitt fjallanna í kring og skoða landið.



Í neðri Kisubotnun, leiðin áfram er upp til vinstri á myndinni.

Dagleið 3

Erfiðasta dagleiðin, frá klakk NA við Grákoll og þaðan upp í skarðið milli Ögmundar og Hattar melar og



grjótholt, en yfir eitt gil að fara, Kerlingarárgil. Þeir sem eru snemma á ferðinni, geta gengið með gilinun og skoðað það, en hafa ber í huga að það eru langar brekkur eftir áður en í Ásgarð er komið.

Myndin til hliðar er úr gili Kerlingarár, norðan við Grákoll, skammt fyrir ofan þann stað sem vaðið er yfir hana.

Eftir að yfir skarðið er komið, tekur Sléttaskarð við, þar er hægt að velja hvort menn fara vestan eða austan við mæni.

Vesturleiðin er upp á hæð nálægt Kerlingu og með góðu útsýni til hennar, austurleiðin liggur upp Hverabotn, upp á Kerlingarskyggni og þaðan í neðri úr Hveradalina.

Úr Hverdalabotni er farið um norðurbarn vesturdala og sem leið liggur í Ásgarð.

Þótt dagleiðin sé erfið, þá er hún falleg og fjölbreytt, á eiginlega fáa sína líka að fjölbreytni í litum og landslagi.

